

Byggðasafn Árnesinga

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Ársskýrsla 2008



Forsíða	0
Efnisyfirlit	1
Formáli	2
Stofnskrár, samþykktir og áætlanir	2
Meginstefna, sýningastefna og söfnunarstefna	2
Stjórn og héraðsnefnd	3
Stefnumótun R3 ráðgjafar	3
Starfsfólk	4
Opnunartími og gestafjöldi 2008	4
Húsnæði	4
Skráningarkerfi og aðföng 2008	5
Aðstaða til varðveislu	6
Rannsóknir	6
Fornleifarannsóknir (MHH)	7
Sýningar og önnur miðlun (LÁ)	8
Jarðskjálfti 29. maí 2008	11
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	13
Rjómabúið á Baugsstöðum	14
Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar	14
Fundir, námskeið og ráðstefnur	15
Safnaklasi Suðurlands – Samtök safna á Suðurlandi	15
Kynningarmál	16
Helstu tölur úr ársreikningi 2008	16
Annual Report 2008 (Abstract)	17
Viðauki: Meginstefna 2008-2012	19



Á forsiðu er málverk eftir Matthías Sigfússon frá Egilsstaðakoti af Ölfusi og Flóa séð af Kambabrún, gjöf Guðmundar Hjörleifssonar til Bygðasafns Árnesinga.

Ljósmyndir þessarar skýrslu eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Ársskýrsla þessi er samin eftir forskrift Safnaráðs.

© Bygðasafn Árnesinga 2009

Formáli

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka voru rekin með hefðbundnum hætti árið 2008. Við söfnin var unnið að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun sem þeim ber að gera samkvæmt stofnskrá. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið. Sýningahald var með hefðbundnum hætti en fjórar sérsýningar, stórar og smáar, voru settar upp á árinu. Safnið fékk konunglega heimsókn á árinu.

Við safnið fór fram endurskoðun á heildarstefnu og söfnunar- og sýningastefnu Byggðasafns Árnesinga.

Áfram var haldið við fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir við safnið og fornleifadeildin starfaði að margvíslegum fornleifaverkefnum.

Þann 29. maí 2008 skemmdust byggingar, geymslu- og sýningakerfi og safnmunir safnanna í hörðum jarðskjálfta.

Stofnskrár, samþykktir og áætlanir

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga og starfar eftir stofnskrá samþykkt af henni. Byggðasafn Árnesinga var opnað í júlí 1964 á Selfossi en flutti starfsemi sína á Eyrarbakka 1995. Safnið starfar eftir öllum sjö atriðum sem nefnd eru í 10. grein Safnalaga nr. 2001/106 og eftir 3., 4. og 5. grein Þjóðminjalaga nr. 2001/107.

Safnið starfar eftir heildarstefnu er varðar söfnun, varðveislu og miðlun.

Safnið starfar eftir starfs- og rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og héraðsnefnd fyrir hvert ár. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi stjórnar og safnstjóri eftir starfslýsingu safnstjóra. Fundargerðir stjórnar öðlast gildi með staðfestingu héraðsráðs eða Héraðsnefndar Árnesinga.



Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og rekur það í umboði stjórnar í samræmi við rekstrar- og starfsáætlanir sem og ákvarðanir teknar á fundum stjórnar safnsins.

Byggðasafn Árnesinga heldur úti grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka og sér um viðhald þess samkvæmt samkomulagi þar um. Sveitarfélagið Árborg greiðir lóðagjöld og ber allan kostnað af lóð Hússins.

Í gildi er þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þuríðarbúðar á Stokkseyri.

Í gildi er sérstök stofnskrá og söfnunarstefna fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga er eignaraðili að Rjórabúinu á Baugsstöðum.

Við safnið er náttúruminjasafn sem miðlað hefur verið til sýninga í skólum og við önnur sýningasetur í héraðinu, sem og á grunnsýningu safnsins.

Frá 2004 hefur verið unnið að fornleifarannsóknum við safnið, einkum fyrir sveitarfélög héraðsins. Er starfsemin sérstaklega aðgreind frá öðrum rekstri safnsins og stendur undir sér með útseldri vinnu og verkefnastyrkjum.

Meginstefna, sýningastefna og söfnunarstefna

Í byrjun ársins endurskoðaði safnstjóri plöggin *Meginstefnu* og *Sýninga- og söfnunarstefna Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka* með vísan til ákvæða í stofnskrám safnanna. Endurskoðuð stefnan var tekin fyrir og rædd í stjórn safnsins á stjórnarfundum þann 27. maí. Samþykkt var að vísa drögunum til R3 ehf sem þá vann að úttekt á safnamálum í Árnessýslu. Helstu breytingar á stefnunni felast í að kynntar eru hugmyndir að auknu sýningarými fyrir söfnin á Eyrarbakka með viðbyggingu við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Jafnframt að endurskoða frá grunni sýningastefnu safnanna á

Eyrarbakka. Úrvinnslu þessara draga var frestað til ársins 2009 en þau eru viðauki við ársskýrslu þessa.

Stjórn og héraðsnefnd

Stjórn Byggðasafns Árnesinga er tilnefnd til eins árs í senn af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga.

Í stjórn sitja Eva Marín Hlynisdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrunamannahreppi, stjórnarformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður, og Sigurður Steindórsson, Eyrarbakka,



ritari. Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu þrír á árinu. Auk þess átti safnstjóri töluverð samskipti við stjórnina milli funda með tölvubréfum og símtölum.

Safnstjóri sat jafnframt fundi með Héraðsnefnd Árnesinga, héraðsráði, sem og fjárhagsnefnd hennar.

Héraðsnefnd Árnesinga, sem er eigandi Byggðasafns Árnesinga, er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnessýslu sem stofnuð var í kjölfar slita á Sýslunefnd Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem nú standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus,

Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu og þátttaka í rekstri hins fjórða. Héraðsnefnd Árnesinga heldur einn aðalfund á hverju ári þar sem lagðar eru fram til samþykktar ársskýrslur og ársreikningar liðins árs, fundargerðir stjórna safna og héraðsráðs á liðandi ári til staðfestingar, sem og áætlanir næsta árs. Héraðsnefndin velur sér þriggja manna yfirstjórn, héraðsráð, sem fundar eftir þörfum. Á árinu vann R3 ehf úttekt á fyrirkomulagi safnamála í Árnessýslu fyrir Héraðsnefnd Árnesinga.

Stefnumótun R3 ehf.

Ráðgjafabjónustunni R3 ehf var af Héraðsnefnd Árnesinga falið að gera úttekt á fyrirkomulagi safnamála í Árnessýslu á árinu. Safnstjóri sótti fundi með R3 og öðrum forstöðumönnum og formönnum safna þar sem rædd voru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri safnanna. Skýrsla var lögð fram í nóvember og segir þar í niðurlagi um framtíðarsýn Byggðasafns Árnesinga:

Byggðasafn Árnesinga verði kjölfesta í héraði varðandi minjavörslu; söfnun, varðveislu og miðlun á sögu Árnessýslu. Safnið verði jafnframt eitt af forystusöfnum landsins á sínu sviði. Það hafi ávallt á að skipa hæfu og vel menntuðu starfsfólki sem leiði nýsköpun og uppbyggingu á safnastarfi svæðisins.

Á ýmsu öðru var tekið í skýrslu R3 ehf sem einkum varðar aðkomu Héraðsnefndar Árnesinga að söfnunum.

Í tengslum við úttekt R3 ehf var gerð safngestakönnun í safninu í ágúst. Helstu niðurstöður voru þær að stór hluti gesta var þá af erlendu bergi brotinn, aldur hesta frekar hár og hátt menntunarstig. Safngestakönnunin gaf einnig

ómetanlegar upplýsingar um ástæður komu gestanna til safnsins og ýmsar praktísar upplýsingar um það sem betur mætti fara, sem og oflof um safnið og sýningar þess.



Í Húsinu á Eyrarbakka. Gisli Sverrir Arnason og Garðar Jónsson frá ráðgjafabjónustunni R3 ehf á fundi með forstöðumönnum og formönnum safna þann 27. mars.

Starisfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, safnstjóri í 100% stöðu, hóf störf við safnið 1. júní 1992. Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina, er yfirmaður allra annarra starfsmanna og ber ábyrgð á ráðningu þeirra.

Í byrjun maí kom til starfa við safnið Linda Ásdísardóttir íslenskufraeðingur sem starfar við með safnstjóra að faglegu safnastarfi. Linda hefur öðru hverju frá árinu 1999 starfað við gæslustörf í Húsinu.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur BA, hefur umsjón með fornleifarannsóknnum safnsins. Stundar nám á MA-stigi í fornleifafræði við HÍ. Hefur starfað við safnið frá 2000, í fullu starfi frá 2006. Var í launalaus leyfi í september og október.

Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur BA, vann í 20% starfshlutfalli við fornleifaskráningu og skyld verkefni á fyrri hluta ársins og í 10% stöðu á seinni hluta ársins. Lauk störfum í árslok.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Ræstitæknar eru Sigurrós María Guðmundsdóttir og Agnes Karlsdóttir.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu sumarsýningar og jólasýningar í borðstofu.

KPMG endurskoðun á Selfossi sér um bókhald, launaframtal og gerð ársreiknings.

Opnunartími og gestafjöldi

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað á safnahelgi í nóvember og eina helgi á jólafestu.

Jafnframt var opnað fyrir fjölmörgum skólum og hópum á öðrum tímum.

Fylgst er með gestatíðni og sömuleiðis eftirspurn utan auglýsts opnunartíma og miðast opnunartíminn við þær rannsóknir.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2008 varð 4.850, þar af 760 erlendir og 450 í skólahópum.

Árið 2007 komu 5.250 gestir, þar af 705 erlendir og 878 í skólahópum.

Að jafnaði er mesta aðsóknin á auglýsta viðburði, t.d. var þökkaleg aðsókn á Menningarhátíðinni Vor í Árborg, á Jónsmessuhátíð Eyrbekkinga og Íslenska safnadeiginum. Einnig varð framúrskarandi góð á viðburði Sunnlensku safnahelgarinnar í nóvember.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 112 manns í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki.

Húsnæði

Sýningaraðstaða. Grunnssýning Byggðasafns Árnesinga er í Húsinu, Assistentahúsinu og Eggjaskúrnum.

Á árinu stóð til að fara í viðgerðir á útihúsunum norðan Hússins. Í boði er styrkur til viðgerða frá ónefndum einstaklingi. Af margvíslegum ástæðum frestast þessi aðgerð.

Aðalaðsetur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er að Túngötu 59 í húsi sem stofnandi safnsins Sigurður Guðjónsson frá Litlu-Háeyri (f. 1003 d. 1988) byggði fyrir eigið fé árið 1970.



Til Sjóminjasafnsins heyrir að auki Beitningaskúrin sem er 50 fm að stærð. Hann á sinn uppruna að rekja til upphafs vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og þegar fjármagn fæst verður skúrnum fengið sýningarhlutverk í tengslum við þá sögu.

Þegar viðgerðum og uppsetningu útihúsa og Beitningaskúrs lýkur verður sýningarými safnanna á Eyrarbakka um 650 fm.

Á skipulagi er til viðbótar gert ráð fyrir möguleika á upb. 150-200 fm viðbyggingu við Sjóminjasafnið.

Á árinu hóf safnstjóri að kynna mögulegar breytingar á sýningahaldi safnanna á Eyrarbakka með mögulegri tilkomu sýningarhúss með viðbyggingu sunnan í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Grundvöllur slíks fellst í breytingum á sýningastefnu og breytingum á innri aðstöðu safnanna.

Innri aðstaða safnanna. Sú aðstaða safna sem ekki er sýnileg gestum er af safnafólki venjulega nefnd „innri aðstaða“. Innri aðstöðu má nefna rými eins og geymslur, verkstæði og skrifstofur. Innri aðstaða safnanna á Eyrarbakka er á tveimur stöðum, í þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3 og Mundakotsskemmu.

Þjónustuhús safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka hýsir aðalgeymslur safnsins og þar er jafnframt aðstaða til skráningar, forvörslu og viðgerða á smærri gripum safnsins. Skrifstofa safnstjóra og öll aðstaða til rannsókna er jafnframt í þjónustuhúsinu þar sem tiltæk eru helstu handbækur og fræðirit. Öryggiskerfi er í húsinu beintengt við vaktþjónustu.

Mundakotsskemman er aðstaða sem Sjóminjasafnið á Eyrarbakka eignaðist um 1990. Þar eru varðveittir stærri gripir safnanna. Viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum eignasviðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Viðgerðir og viðhald 2008. Skipt var um ofna á hanabjálkalofti Hússins á Eyrarbakka.

Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga er þvínæst viðhaldsfrítt en þó var skipt um dælu í miðstöðvarkerfi þess. Til stóð að fá iðnaðarmenn í utanhússverk við reglubundið viðhald Hússins en ekki reyndist unnt að ná til þeirra áður en sumarið var úti.



Skráningarkerfi og aðföng 2008

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns

Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráð í

Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af

Rekstrarfélagi Sarps ehf og flest minjasöfn landsins standa að. Jafnframt eru allar skráðar fornleifar færðar í gagnagrunninn Sarp.



Te- og púnskanna Steindórs Finnssonar sýslumanns í Oddgeirshólum í Flóa. Átjándu aldar gripur sem lent hefur í þremur jarðskjálftum. Myndin er tekin í byrjun ársins og má glögglega sjá að hann hefur eitt sinn verið lúmdur saman. Kannan brotnaði í nokkra hluta í jarðskjálftanum 29. maí 2008.

Skráðir voru 35 nýir safnmunir við söfnin á árinu 2008 og 11 ljósmyndir voru skráðar. Í árslok voru ýmis aðföng frá árunum 2006 til 2008 enn óskráð.

Í árslok 2008 voru í munaskrá Sarps 5314 safnmunir frá Byggðasafni Árnesinga og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Töluvert barst af gripum á árinu sem í árslok biðu skráningar.

Í árslok 2008 voru í myndaskrá Sarps 5555 ljósmyndir frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka og Byggðasafni Árnesinga. Óskráðar eru ýmsar ljósmyndagjafir sem borist hafa síðustu ár og eru enn á greiningarstigi.

Í fornleifaskrá Sarps voru komnar 993 minjar skráðar hjá Byggðasafni Árnesinga. Töluverður fjöldi minja bíður innfærslu í Sarp.

Meðal merkra gripa sem bárust safninu má nefna:

- Fundarbjöllu og fundarhamar Sýslunefndar Árnessýslu sem Gunnar Sigurðsson í Seljatungu lét smíða fyrir nefndina. Smíðað af Andréssi Hinriki Þórðarsyni. Gefandi er Böðvar Pálsson í Búrfelli.
- Málverk málað eftir gamalli ljósmynd af Eyrarbakka árið 1905 sem sýnir þorpið í réttum litum. Málverkið gerði Magnea Gróa

Karlsdóttir sem jafnframt er gefandi.

- Kommóðu smíðaða af Gísla Brynjólfssyni bónda á Haugi í Gaulverjabæjarhreppi, gefna af Eddu Waage.
- Muni úr dánarbúi Guðfinnu Hannesdóttur frá Hólum í Stokkseyrarhreppi sem lést í byrjun ársins 101 árs gömul. Gjóf samkvæmt erfðaskrá.
- Skipasmíðaverkfæri Guðmundar Sigurjónssonar frá Gamla-Hrauni sem lengstum bjó í Sunnuhvoli á Stokkseyri. Gefendur synir hans Jóhann og Jón Guðmundur.
- Kórbúninga og ýmsa muni frá Samkór Selfoss, afhent af Ingibjörgu Stefánsdóttur síðasta formanni kórsins.
- Málverk og vatnslitamyndir, auk innrammaðra ljósmynda úr búi Hjörleifs Guðbrandssonar frá Skálmholti. Gefandi er sonur hans Guðmundur Hjörleifsson.
- Úr tveimur aflögðum leikskólum á Selfossi, Glaðheimum og Ásheimum, bárust gömul leikföng og ljósmyndir úr starfi skólanna.

Aðrir gefendur voru: Jón Gunnar Gíslason, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Kjartan Helgason Eyrarbakka, Jóhann Jóhannsson Eyrarbakka, Verslunin Fríða frænka, Vigfús Markússon, Elínborg Guðmundsdóttir, Ásta Benjamínsdóttir, Þorsteinn Reynisson, Alda Helgadóttir, Sigurjón Helgason, hjónin Óskar Magnússon og Þórunn Vilbergsdóttir, Thelma Grímsdóttir, Auður Hildur Hákonardóttir, Sverrir Geirmundsson, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Pétur Kr. Hafstein, Kaupfélag Árnesinga, Sólrún Jóhannsdóttir frá Dísuþæ á Eyrarbakka, Tómas Karlsson Stokkseyri, Guðríður Bjarney Kristinsdóttir, Ágústa Ágústsdóttir Selfossi, Bjarney jr. Ágústsdóttir, Guðmundur Lýðsson, Inga Lára Baldvinsdóttir og Sigríður Sverrisdóttir tannlæknir.

Nokkrir munir voru keyptir á mörkuðum. Gullfossbollastell var keypt af Sveinbirni Einarssyni Breiðfjörð í Kópavogi fyrir skjálftabætur.



Jóhann og Jón Guðmundur Guðmundssynir frá Sunnuhvoli á Stokkseyri við skipasmíðaverkfæri Guðmundar Sigurjónssonar frá Gamla-Hrauni.

Aðstaða til varðveislu

Í geymslum safnsins er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Þar er hita- og rakastig stöðugt og gluggar allir byrgðir sólarljósi. Síritamælar eru á tveimur stöðum í húsakynnum safnanna og mælt viku í senn á mismunandi stöðum.

Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki. Hjólaskápar í nærgeymslu Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 skemmdust töluvert í jarðskjálfta 29. maí. Í kjölfarið voru gerðar breytingar á skipulagi geymslunnar, keyptar nýjar hillur fyrir fatnað og nýir skápar fyrir ljósmyndir og vopn.



Rannsóknir

Rannsóknir sem safnið stendur fyrir eru fyrst og fremst á safnkosti þess, safnmunum og ljósmyndum auk rannsókna á umhverfi því sem tengist safnkosti. Frá 2004 hafa jafnframt verið stundaðar fornleifarannsóknir við safnið og er um þær fjallað í sérstökum kafla. Rannsóknir sem stundaðar eru við Byggðasafn Árnesinga eru margvíslegar og hefur um þær verið fjallað í undanförunum

ársskýrslum. Rannsóknir eru gerðar á safnkosti, ýmist við nýskráningu eða ítarrannsóknir síðar. Frá 1992 hefur Húsið á Eyrarbakka verið eitt helsta rannsóknarefni safnsins og síðustu ár hefur saga safnanna sjálfra verið rannsóknarefni. Með reglulegu millibili fær safnið fyrirspurnir frá fræðimönnum og almenningi er varðar safnkost, sögu Hússins eða sögu Eyrarbakka og er reynt eftir frekasta megni að leysa úr öllum fyrirspurnum eða beina þeim til fróðari aðila. Starfsmenn safnsins verja hluta af sínum vinnutíma til rannsókna til að afla þekkingar um safnkost safnanna. Skrásetning þessara upplýsinga er jafnframt tímafrek.

Fornleifadeild

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur heldur utan um starfsemi fornleifadeildar Byggðasafns Árnesinga.

Fornleifadeild vann að ýmsum verkefnum árið 2008. Frá áramótum var lögð mikill áhersla á að ganga frá til útgáfu fyrstu áfangaskýrslu á aðalskráningu fornleifa í Sveitarfélaginu Árborg. Þeirri vinnu lauk á vormánuðum með útgáfu skýrslunnar sem var á fjórða hundrað blaðsíður. Í tengslum við Vor í Árborg hélt safnið fyrirlestur um skráninguna í Sjóminjasafninu og var hann öllum opin en þangað var auk þess boðið öllum heimildarmönnum sem haft var samband við í tengslum við þessa vinnu ásamt fulltrúum Árborgar. Guðlaug Vilbogaðóttir fornleifafræðingur kom til starfa um vorið og var hennar verkefni að skrá fornleifar á Eyrarbakka en áður hafði Edda Linn Rise fornleifafræðingur unnið að því verkefni.

Í júní þegar skrifstofunni hafði verið komið í ásætlanlegt horf eftir jarðskjálftana hélt Margrét til starfa við uppgröft í Koti á Rangárvöllum en það er uppgröftur sem er samstarfsverkefni fornleifadeildar Byggðasafnsins, Náttúrustofu Vestfjarða og Landgræðslu ríkisins. Fornleifadeildin hafði fengið styrk til verkefnisins frá Menningarsjóði Suðurlands. Uppgröfturinn gekk vel og var lokið við að grafa upp hálf tónni. Ekki er ljóst hvor um er að ræða mjög stórt sel eða lítið kot en sá möguleiki er líka fyrir hendi að hvortveggja sé. Sterkar líkur eru á því að húsið hafi verið farið í eyði um 1300. Rannsóknin er mjög spennandi og eiga niðurstöður hennar eftir að varpa fram nýjum upplýsingum um þetta tímabil í sögu Íslands sem ekki er vitað mikið um. Verkefnið hefur fengið til liðs við sig fjölmarga vísindamenn bæði erlenda sem innlenda. Fornleifarannsóknin mun halda áfram árið 2009.



Fornleifafræðingar að störfum í Koti á bliðviðrisdegi.



Þátttakendur við endurbyggingu á torfhúsi á Tyrfingsstöðum.

Margrét var í leyfi frá safninu fram í byrjun nóvember og tók á þeim tíma þátt í fornleifauppgröftum að Hrísrú í Mosfellsdal og á Alþingisreit. Guðlaug fór í minna starfshlutfall og vann úr vettvangsvinnu sumarsins.

Í nóvember var gerð deiliskráning á Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi en auk þess voru á árinu gerðar deiliskráningar í landi Grafar í Hrunamannahreppi, við Heiðarbrún á Stokkseyri og vegna lagningar rafstrengs til Vestmannaeyja. Eru það færri verkefni og smærri en frá fyrri árum, en það er alveg í takt við samdrátt í framkvæmdum á landinu.

Árið 2008 var síðara ár Evrópuverkefnisins *Unlocking hidden heritage* og fór Guðlaug Vilbogadóttir til Írlands vegna þess á vormánuðum og Margrét til Þýskalands í júlí enn báðar voru þær að sækja vinnusmiðjur þessara landa. Í enda ágúst var vinnusmiðjan svo haldinn á Íslandi. Hingað til lands komu 11 þátttakendur frá öllum samstarfslöndum verkefnisins. Vinnusmiðjan var haldinn í Skagafirði í samvinnu við Byggðasafn Skagafjarðar og Fornverkaskólann. Það að færa svo umfangsmikið verkefni á Norðurland skítur nokkuð skökku við. Ástæða þess er fyrst og fremst sú mikla þekking sem Byggðasafn Skagafjarðar og



Hópurinn heldur í vinnusmiðju, stoppað við Norðurá í Borgarfirði.

Fornverkaskólinn búa yfir á byggingu húsa úr torfi, en það var verkefni okkar. Kostnaður við efni og vinnu við torf í eitt hús er gríðarlega mikill. Með þessu samstarfi lagði Fornverkaskólinn til þann kostnað og gerði kleift að standa að þessari vinnusmiðju með miklum glæsibrag. Ánægja var meðal þátttakenda með vinnusmiðjuna. Unnið var við endurgerð tveggja torfhúsa á Tyrfingstöðum á Kjálka í Skagafirði undir leiðsögn Helga Sigurðssonar torfhleðslumeistara, einnig var farið með hópinn í skoðunarferðir um Norðurland milli vinnudaga á Tyrfingstöðum.

Þegar vinnusmiðjunni lauk var haldið suður þar sem allir þátttakendur ásamt þeim Íslendingum sem höfðu farið erlendis á vegum verkefnisins héldu til kvöldverðar í Rauða húsinu í boði Byggðasafns Árnesinga ásamt því að skoða söfnin á Eyrarbakka. Vinnusmiðjunni lauk tveimur dögum síðar.

Grampus Heritage Ltd í Bretlandi heldur utan um fjárhagslega hlið verkefnisins sem kostað er að öllu leyti af Evrópusjóðum. Guðlaug Vilbogadóttir heldur um fjárreiður safnsins gagnvart verkefninu.

Sýningar og viðburðir

Þorrasýning. Fyrsta sýning ársins var þorrasýning í borðstofu Hússins. Mjólkurvinnsla og matargerð fyrri tíma var kynnt fyrir grunnskóla- og leikskólahópum. Börnin sáu fyrst búið úr heimildamyndinni *Í dagsins önn* og svo voru viðeigandi safngripir dregnir fram og hlutverk þeirra útskýrð.

Konungleg heimsókn 6. maí. Krónprins Danmerkur Frederik André Henrik Christian og kona hans Mary Elizabeth Donaldson heimsóttu Eyrarbakka þann 6. maí og skoðuðu kirkjuna og Húsið. Krónprinsparið var í opinberri heimsókn til Íslands í boði Forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem var með í för ásamt fleiri góðum gestum. Í Eyrarbakkakirkju skoðuðu krónprinsinn og krónprinsessan altaristöfluna sem var máluð og gefin af Louise, langa-langa-langa-ömmu Friðriks prins, drottingu Kristjáns IX.



Síðan fóru Frederik og Mary í heimsókn í Húsið þar sem safnstjóri tók á móti þeim og sagði frá sögu Hússins. Þau voru afar áhugasöm og Mary spurði mikið um íslensku millipilsin sem voru til sýnis. Mikil menningarsöguleg tengsl eru á milli Eyrarbakka og Danmerkur og var vel við hæfi að fá þessi tignu hjón í heimsókn í Húsið.

Vor í Árborg 8. - 18. maí. Söfnin tóku þátt í hátíðinni *Vor í Árborg* á hefðbundinn hátt og buðu gestum frían aðgang. Sumarsýningar safnanna opnuðu, glímukappar sýndu leikni sína í garði Hússins og fyrirlestur um fornleifaskráningu var haldinn í Sjóminjasafninu.

Faldarnir lyftust og síðpilsins sviptust. Á sumarsýningu sem opnaði í Húsinu 9. maí voru sýnd íslensk millipils frá árunum um 1880 til 1920, flest í eigu Byggðasafnsins. Safnið á einstakt safn þessara



pilsa og má rekja flest þeirra til Grímsneshrepps. Tilkoma pilsanna má að hluta til rekja til þeirra þróunar sem varð í heimilisiðnaði þegar íslenski búningurinn var að víkja fyrir erlendum áhrifum og ullin var á undanhaldi gagnvart bómull. Á sýningunni var litið yfir sögu millipilsanna á Íslandi og hún sett í samhengi við erlenda tískustrauma. Vefararnir Hildur Hákonardóttir og Ásthildur Magnúsdóttir eiga heiðurinn að hönnun sýningarinnar sem var afar vel sótt. Með sýningunni tókst að vekja athygli á þessari lítt rannsökuðu klæðatísku íslenskra kvenna.

Ný aðföng. Í forsal Sjóminjasafnsins voru um sumarið sýnd nýleg aðföng. Þetta var safn myndverka sem mörg hver sækja myndefnið sitt til Eyrarbakka fyrr á tímum. Eitt þeirra var málverk Magneu Gróu Karlsdóttur af aðalgötu Eyrarbakka í upphafi 20. aldar.



Fyrirlestur um fornleifaskráningu í Árborg.

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur hélt opinn fyrirlestur um fornleifaskráningu í Árborg í Sjóminjasafninu 8. maí. Fyrirlesturinn var fluttur í tilefni af útgáfu fyrstu áfangaskýrslu um fornleifaskráningu í Árborg og var einn dagskráliða á hátíðinni *Vor í Árborg*.

Jónsmessuhátíð 28. júní. Jónsmessan var, líkt og hefur tíðkast síðustu ár, mikill gleðidagur á Eyrarbakka og þorpið iðaði af lífi. Húsfreyjur Hússins klæddust þjóðbúningum, buðu gestum til borðs og báru fram kaffi. Mikill gestagangur var í Húsinu allan daginn. Að kvöldi söfnuðust Jónsmessugestir saman í stásstofunni eftir að hafa gengið um Bakkann undir leiðsögn Magnúsar Karels



Hannessonar, og sungu saman við undirleik Heimis Guðmundssonar áður en haldið var til brennu.



Thomsens-bílinn 6. júlí. Fyrsti bílinn í eigu Íslendinga kom til landsins 1904 og var kenndur við Ditlev Thomsen, kaupmann og konsúl, sem sá um rekstur hans. Sverrir Andrésson, hagleiksmaður á Selfossi, hefur smíðað bíl sem er nákvæm eftirlíking Thomsen-bílsins og sýndi hann í Gallerí Gónhól á Eyrarbakka um sumarið. Fólki gafst tækifæri til að ferðast með bílnum sem keyrði sem leið lá til Hússins í fylgd þjóðbúins fólks. Þar var staldrað við

út á hlaði og sagði Finnbogi Eyjólfsson, fyrrum starfsmaður bifreiðaumboðsins Heklu, skemmtilegar og fróðlegar sögur um bíla og bílamenningu á Íslandi, meðal annars óborganlega frásögn af komu

Thomsen-bílssins til Eyrarbakka árið 1905. Þessi viðburður var á vegum eiganda Gónhóls en það þótti vel passandi að nota umhverfi Hússins fyrir þennan viðburð.

Íslenski safnadagurinn 13. júlí. Annan sunnudag í júlí var safnadagurinn haldinn hátíðlegur um land líkt og fyrri ár. Það hefur verið fastur liður að bjóða upp þjóðlega tónlistardagskrá í stásstofu Hússins á þessum degi. Að þessu sinni var það tónskáldið og Eyrbekkingurinn Örlygur Benediktsson sem gladdi gesti með píanóleik og Magnús Karel Hannesson labbaði um þorpið með söguþyrstum gestum.

Samgöngur. Á safnadegi 13. júlí var opnuð á vegum safnanna sýning í Gallerí Gónhól á Eyrarbakka á safnmunum tengdum samgöngum. Til sýnis var gamli slökkviliðsbíllinn á Eyrarbakka, hluti bílhúss ÁR 2 - Sandvíkurbílsins svokallaða, dekk sem bjargaði Jóni I. Guðmundssyni mjólkurbílstjóra og síðar yfirlögregluþjóni frá drukknun haustið 1944 auk ljósmynda.

Brot af landskjálfta. Er leið á sumarið voru gripir sem brotnuðu í skjálftanum 29. maí hafðir til sýnis ásamt ljósmyndum í Assistentahúsinu. Vöktu brotin mikla athygli og í raun allt sem tengdist jarðskjálftanum og starfsmenn safnsins óspart spurðir um reynslu sína af þessum náttúruhamförum.



Tónleikar 30. júlí. Píanóleikarinn Shuann Chai frá Bandaríkjunum hélt tónleika í Húsinu á Eyrarbakka 30. júlí. Shuann er með mastersgráðu í tónlist og hefur spilað á tónleikum víðs vegar um heiminn, m.a. í Englandi, Hollandi, Noregi og Kína. Hún hefur vakið eftirtekt á alþjóðavettvangi og fengið fjölda viðurkenninga fyrir frammistöðu í píanóleik. Íslenskur unnusti hennar, Svanur Vilbergsson, vakti athygli hennar á Hornung & Möller píanóinu, sem var smíðað árið 1871, og stendur í stásstofu Hússins. Vegna einskærs áhuga á gömlum píanóum óskaði hún sérstaklega eftir því að spila á þetta sögufræga píanó. Hún flutti verk eftir Wolfgang Amadeus Mozart, Franz Schubert, Ludwig van Beethoven og Frederic Chopin og tók fram í kynningu sinn hve vel sum þessara verka hæfðu svo gömlu píanó.

Safnahelgi á Suðurlandi 7. - 9. nóvember. Helgina 7.-9. nóvember var haldin í fyrsta sinn sérstök safnahelgi á Suðurlandi. Þessi viðburður var eitt þeirra verkefna sem Safnaklasi á Suðurlandi hrinti í framkvæmd árið 2008. Þessa helgi voru söfn með sérofnun og buðu gestum sínum upp á ýmsa viðburði, fræðslu og skemmtun.

Fyrirlestur Heiðu og Kristínar um íslensk dægurlög. Laugardaginn 8. nóvember fluttu Kristín Einarsdóttir, þjóðfræðingur og Heiða Eiríksdóttir, tónlistarmaður, fyrirlestur í stásstofu Hússins. Fyrirlesturinn sem bar nafnið *Þau minna á fjallavötnin fagurblá* fjallaði um undraheima íslenskra dægurlaga og blönduðu þær stöllur saman tónum og tali á frábæran hátt. Þessi fyrirlestur var mjög vel sóttur og komust færri að en vildu. Liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Sögur sagðar við byrðing Farsæls. Sunnudaginn 9. nóvember var sögustund í Sjóminjasafninu þar sem Eyrbekkingurinn Óðinn Andersen rifjaði upp sögur föður síns Sigurðar Andersens, póststjóra og veðurathugunarmanns, frá hernámsárunum á Eyrarbakka. Óðinn sagði einnig frá forlata tundurdufli sem lagt var í gætt safnsins. Gestum var boðið upp á söl. Lýður Pálsson safnstjóri bætti í og sagði nokkrar hernámssögur úr Sandvíkur-Skruddu Páls Lýðssonar. Liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Skipasmíðatöl. Á Safnahelgi á Suðurlandi voru sýnd í forsal Sjóminjasafnsins skipasmíðaverkfæri Guðmundar Sigurjónssonar frá Gamla-Hrauni, lengstum búanda á Sunnuhvoli á Stokkseyri.

Ljáðu mér eyra. Safnagestum gafst færi á að skoða gamla grammafóna á smásýningunni *Ljáðu mér eyra* sem var sett upp í Bláu stofu Hússins á Safnahelgi á Suðurlandi. Nokkrir grammafónar virka ennþá og óma fortíðar mátti heyra í Húsinu þessa helgi.

Fyrirlestur um Þórð biskup Þorláksson. Fimmtudaginn 13. nóvember hélt Gunnar Örn Hannesson sagnfræðingur á Þjóðskjalasafni Íslands fyrirlestur í Húsinu um lífshlaup Þórðar biskups Þorlákssonar (1637-1697) í Skálholti, sem og helstu heimildir um Þórð biskup sem einstakling og embættismann. Varpað var ljósi á persónuleika hans og hugðarefni. Samstarfsaðili var Sögufélag Árnesinga.



Jólasýning. Gömlu jólatré safnsins fengu að njóta sín á árlegri jólasýningu í borðstofu Hússins líkt og endra nær. Merkilegasta tré safnsins og það elsta á Íslandi, jólatréð frá Hruna og síðar Oddgeirshólum, var í öndvegi. Hildur Hákonardóttir kom, samkvæmt hefð, ásamt fylgdarliði og skreytti tréð lyngi og mosa. Rithöfundurinn og Bakkavinurinn Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir slóst í þann góða hóp og lét þau orð síðar falla að hún hafi verið svo lánsöm að fá að skreyta jólabeinagrind. Strengjabrúður voru til sýnis í Assistentahúsinu og jólasveinar leyndust víða. Jólasýningin var vel sótt af skólahópum og öðrum gestum.

Bókaupplestur 7. desember. Sá siður hefur komist á að skáld koma í Húsið í dimmasta skammdeginu rétt fyrir jól og lesa úr verkum sínum. Á sunnudagseftirmiðdegi 7. desember lásu skáldin Friðrik Erlingsson, Sjón, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Ævar Örn Jósepson upp úr nýútkomnum verkum. Húsfyllir var á þessum upplestri og gestir notuðu einnig tækifærið til að skoða jólasýninguna.

Heimildarmynd um Húsið á Eyrarbakka. Árið 2007 var gerð 45 mínútna leikin heimildarmynd um sögu Hússins á Eyrarbakka fyrir tilstuðlan styrkja frá ýmsum aðilum. Andrés Indriðason sá um gerð handrits, leikstjórn og klippingu.

Í upphafi ársins vann safnstjóri að fjármögnun heimildarmyndarinnar. Send voru kynningarbréf til fimm fyrirtækja og svöruðu þrjú þeirra með jákvæðum hætti. Styrkir fengust frá Set ehf, Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. og Mána ÁR 70. Áður voru Kaupmannasamtök Íslands,



Menningarsjóður Suðurlands, Sveitarfélagið Árborg og Þjóðhátíðarsjóður búin að veita styrk til þessa verkefnis.

Ríkissjónvarpinu hefur verið boðinn sýningarréttur að myndinni. Áætlað er að gefa hana út á mynd-diski sumarið 2009.

Náttúrusýning í Eggjaskúrnum. Á árinu hófst undirbúningur að gerð Náttúrusýningar í Eggjaskúrnum. Sótt var um styrki til Menningarráðs

Suðurlands og Pokasjóðs og fengust tveir 400 þúsund króna styrkir sem duga að tveimur þriðju heildarkosnaðar. Vinna hófst á árinu við hönnun sýningar. Stefnt er að verklokun og formlegri opnun árið 2010.

Jarðskjálfti 29. maí 2008

Þann 29. maí 2008 kl. 15,45 reið harður jarðskjálfti yfir Suðurland með upptökum við Kögunarhól og varð skjálftinn harðastur í Ölfusi og vestanverðum Flóa. Þéttbýlin Selfoss, Hveragerði og Eyrarbakki urðu illa úti. Jarðskjálftinn var 6,3 á Richter og stóð yfir í tuttugu sekúndur.



Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka urðu fyrir tjóni á húsakynnum, sýningum, geymslukerfum og safnmunum. Verst fór grunnsýning Byggðasafns Árnesinga á jarðhæð Assistentahússins og sömuleiðis fóru hjólaskápar í Þjónustuhúsi safnsins mjög illa. Mundakotsskemma, aðstöðuhús Sjóminjasafnsins, fór einnig mjög illa og er jafnvel talin ónýtt. Skemmdir urðu einnig á sýningahúsi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og

þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3.

Um 14 myndverk í römmum skemmdust. Skemmdir urðu á um 90 safnmunum en ekki eru öll kurl komin til grafar. Um 10 náttúrugripir skemmdust í jarðskjálftanum, mest uppstoppaðir fuglar.

Af þessum safnmunum voru sjö þeirra skilgreindir sem sérstakir „kjörgripir“ sem bættir voru sérstaklega af viðlagatryggingu Íslands. Þetta voru hluti af Gullfossbollastelli, ljósberi frá Búrfellskirkju, vínglas Brynjúlfs á Minna-Núpi, vínfleigur sr. Eggerts Sigfússonar í Vogsósunum, kökufat frá Þorvarði Guðmundssyni í Sandvík, rokkur smíðaður af Jóhanni Guðmundssyni á Iðu og „bláa bóluglasið“ frá Kolviðarhóli.



Frá 29. maí til byrjunar september voru 418 vinnustundir unnar við safnið vegna skjálftans, við hreinsunarstarf, lagfæringar sýninga og skráningarstarf, auk annara verkefna. Verkefnum í tengslum við skjálftann var ekki lokið í árslok. Varahlutir geymsluskápa komu í desember. Áætlað er að um 514 vinnustundir hafi verið unnar frá 29. maí til ársloka við endurreisnarstarf í kjölfar skjálftans.



Verslunarsýningin eftir skjálftann. Ljós. Ívar Brynjólfsson/Þjms.

Náið samstarf um forvörslu skemmdra gripa er við Þjóðminjasafn Íslands. Aðstoð sem Þjóðminjasafnið hefur veitt safninu að frumkvæði Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar hefur reynst drjúg. Nathalie Jacqueminet Og Graham Langford forverðir frá Þjóðminjasafni Íslands hafa umsjón með mati á skemmdu mununum og hafa boðist til að sjá um forvörslu á völdum gripum.

Bráðabirgðamat á safnmunum og lausafé fór fram í ágúst en ýmsum liðum matsins var frestað þar til nánari upplýsingar um eðli tjóns lægi fyrir. Einnig liggur fyrir tillaga að mati á jarðskjálftaskemmdum á

Hafnarbrú 3, en safnið á eftir að taka afstöðu til matsins.

Áætlaður útlagður kostnaður safnsins til loka september er nákvæmlega áætlaður um 1.600 þúsund kr. Hefur Viðlagasjóður bætt safninu þá upphæð. Jafnframt hefur safnið fengið bætur að upphæð 2.600 þús. kr. vegna vinnu starfsmanna og 1.800 þúsund kr. fyrir sex „kjörgripi“ sína sem skemmdust illa í hamförunum. Ólokið er uppgjöri á vinnu forvarða sem enn eiga eftir að hefja störf og á öðrum kostnaði. Eftir er að birta endanlegt mat á tjóni á húsakynnum safnanna. Ljóst er þó að tjón á húsum safnanna skiptir mörgum milljónum króna.

Nákvæmar skrár eru haldnar um vinnu starfsmanna, jarðskjálftakostnað og annað sem tengist hamförunum. Einnig hefur vettvangur rækilega verið ljósmyndaður. Dagbók hefur verið haldin um öll atvik og verkefni sem tengjast afleiðingum skjálftans. Kostnaði og bótum vegna skjálftans er haldið sérstaklega aðgreindu í bókhaldi safnsins.

Ljóst er að langan tíma mun tala að koma safninu í lag. Jafnframt hafa verið lagðar fram hugmyndir að nýjum sóknarfærum í uppbyggingu safnastarfs á Eyrarbakka.

Þegar hreinsunarstarfi og viðgerðum á hirslukerfum safnsins lýkur mun hefjast innri rýni og gerð nýs öryggismats fyrir söfnin á Eyrarbakka. Náttúruhamfarir af þessari stærðargráðu komu starfsmönnum safnsins mjög á óvart og var safnið illa búið undir að fá á sig þennan skjálfta. Fleiri hættur en jarðskjálftar eru til staðar, eins og fárviðri, sjóflóð og brunar, sem og hættur af völdum mannskepnunnar og er brýnt að fram fari allsherjar krufning á öryggismálum safna, á Eyrarbakka sem annarsstaðar.



Um haustið hófst undirbúningur að gerð sýningar um jarðskjálftann sem haldin verður í Húsinu á Eyrarbakka sumarið 2009. Samstarfsaðilar eru Þjóðminjasafn Íslands og Jarðskjálftamiðstöðin á Selfossi. Styrkur fékkst hjá Menningarráði Suðurlands að upphæð 500.000 til að halda sýninguna. Söfnun jarðskjálftasagna hófst um haustið.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka hefur frá 1. mars 2001 verið rekið af Bygðasafni Árnesinga samkvæmt þjónustusamningi sem upphaflega gildi til ársloka 2002 en hefur með framlagningu og samþykkt fjárhagsáætlana Bæjarstjórnar Árborgar og Héraðsnefndar Árnesinga verið framlengdur frá ári til árs. Góð reynsla er komin á þennan samrekstur og er farinn að verða fyrirmynd annara slíkra samstarfsamninga milli safna og/eða sveitafélaga.

Sjóminjasafnið var stofnað og starfrækt af Sigurði Guðjónssyni á Litlu-Háeyri. Hann gaf Eyrarbakkahreppi safnið árið 1987 og var Inga Lára Baldvinsdóttir umsjónarmaður safnsins 1987 til 1998.

Á árinu voru lögð drög að því að skipta um glugga og gluggakarma á öllu Sjóminjasafninu, á vegum eignasviðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Til Sjóminjasafnsins heyra sýningarhús að Túngötu 59, aðstöðuhús að Þykkvaflöt 2 (Mundakotsskemma) og Beitningaskúr við Eyrargötu. Sjóminjasafninu tilheyra um 1500 safngripir og um 5000 ljósmyndir.



Úr málverki eftir Magneu Gróu Karlsdóttur sem málaði aðalgötu Eyrarbakka eftir fyrirsögn foreldra sinna sem ólust upp á Bakkanum í byrjun 20. aldar.

Mundakotsskemma að Þykkvaflöt 2 hýsir stærri gripi beggja safnanna á Eyrarbakka. Um langt árabíl hefur staðið til að klæða að nýju að utan langhliðar skemmunar. Því var frestað enn eitt árið.

Beitningaskúrin við Óðinshús var byggður 1925 af Jóhanni Loftssyni og Jóni Jakobssyni. Hann var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka af Bjarna Jóhannssyni um 1990 og gerður upp af Jóni Karli Ragnarssyni trésmíðameistara árin 1990 til 1992. Allsérstæð bátsklæðning er á vesturhlið skúrsins sem sést vel frá Eyrargötunni. Til eru áætlanir um að opna Beitningaskúrin og er því mikilvægt að

vel sé vandað til umhverfis hans. Einstaka sinnum er beitningaskúrin opnaður góðum gestum, m.a. fór héraðsráð í eftirminnilega heimsókn í Beitningaskúrinn í ágúst.

Til Sjóminjasafnsins bárust gripir frá Vigfúsi Markússyni sem gjarnan hefur gaukað að safninu úrsér gengnum tækiminjum með undarleg nöfn.

Í forsal Sjóminjasafnsins var á Vori í Árborg boðið upp á nýja sýningu sem nefndist Eyrarbakki í litum – ný aðföng. Stóð sýningin út árið.

Á safnadaginn 10. júlí bauð Sjóminjasafnið upp á sögugöngu um Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar fyrrv. oddvita.

Á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna var haldið áfram undirbúningi að gerð sjóminjakorts og fleiri sameiginlegra mála. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Puríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga reyndar líka. Umsjón með búðinni hefur umhverfisvið Árborgar með Siggeir Ingólfsson í fararbroddi.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Það er 50% eigandi að rjómaskálanum á móti Búnaðarsambandi Suðurlands. Rjómaskálahúsið er friðlýst samkvæmt lögum sökum menningarsögulegs gildis.

Félagar úr Söngsveit Hveragerðis sáu um gæslu á rjómabúinu í júlí og ágúst. Að öðru leyti sá Sigurður Pálsson á Baugsstöðum um gæslu búsinns eins og áður. Tvisvar á árinu varð rjómabúið fyrir áföllum af náttúrunnar hendi. Í febrúar flæddi að búinu og skemmdi suðurhlíð þess og í maí skemmdist vatnsrennan í jarðskjálftanum mikla. Viðlagasjóður bætti tjónið í bæði skiptin.

Á árinu voru miklar umræður um framtíðarfyrirkomulag á rekstri rjómabúsins. Vænta má breytinga á starfsemi Rjómabúsins á Baugsstöðum. Nýr gjaldkeri í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum er Lýður Pálsson safnstjóri. Aðrir í stjórn eru Sveinn Sigurmundsson f.h. Búnaðarsambands Suðurlands og Helgi Ívarsson f.h. þriggja búnaðarféлага í Flóanum.



Í vinnslusal Rjómabúsins á Baugsstöðum. Ljós. Gunnar Sigurgeirsson.

Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar

Minjasafnið í Gröf. Lítið þokast í málum Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf, Hrunamannahreppi. Það er enn einkaeign barna hans og hefur Guðjón Emilsson í Laxárhlið verið þar í forstöðu. Vilji allra aðila er að efla starfsemi minjasafnsins en fram að þessu hefur enginn viljað taka að sér að draga vagninn eða leggja safninu fjármagn til uppbyggingar.

Bátasetur í Þorlákshöfn. Safnstjóri sat í október fund með bæjarstjóra Ölfus, þjóðminjaverði og fagstjóra Munadeildar Þjms, ásamt arkitektum og embættismönnum Ölfus þar sem kynntar voru áætlanir um uppbyggingu Bátaseturs í Þorlákshöfn. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga taki báta Þjóðminjasafns Íslands að láni til langs tíma og sveitarfélagið kosti alla uppbyggingu og rekstur. Gerð hafa verið uppköst að samningum um Bátasetrið, annarsvegar milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Ölfus um rekstur og hinsvegar milli Byggðasafns Árnesinga og Þjóðminjasafns Íslands um langtímalán á bátum og bátavélum. Málið er í biðstöðu vegna skorts á fjármagni.

Tónminjasetur Íslands ses. Byggðasafn Árnesinga varðveitir muni Páls Ísólfsssonar tónskálds. Beðið er átekta með sýningu á þeim, en uppi eru tvennskona hugmyndir um framtíð þeirra, annarsvegar um uppbyggingu Pálsseturs á Stokkseyri á vegum Árborgar og samsarfaðila og hinsvegar eru uppi áætlanir á vegum Kópavogsbæjar um uppbyggingu Tónlistarsafns Íslands. Mál þessi eru í biðstöðu.

Þjóðminjasafn og Safnaráð. Sem áður veitti Þjóðminjasafn Íslands margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Ómetanlega aðstoð veittu starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands í kjölfar jarðskjálftans 29. maí. Á sviði stjórnsýslu og safnalaga er Safnaráð sá aðili sem safnið hefur mest samskipti við. Safnaráð, sem er á fjárlögum sem ríkisstofnun, sér um að úthluta lista-, náttúru- og minjasöfnum rekstrar- og verkefnastyrkjum. Góð samskipti eru jafnframt við Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd ríkisins þar sem safnstjóri er varamaður. Samskipti ágæt eru einnig við sérfræðinga Lista- og safnadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Góð samskipti eiga starfsmenn safnsins við menningarfulltrúa í þeim sveitarfélögum héraðsins þar sem menningarfulltrúar starfa.

Önnur samskipti áttu sér stað á margvíslegum vettvangi við söfn, hérlandis og erlendis, og fólust einkum í tölvupóstsamskiptum og sömuleiðis heimsóknum, skipulögðum og óskipulögðum.



Anna Lís Rúnarsdóttir, Nathalie Jacqueminet, Graham Langford frá Þjóðminjasafni Íslands og Lýður Pálsson safnstjóri að loknum vinnudegi 30. maí 2008. Myndina tók Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Að sitja fundi og ráðstefnur um menningar, markaðs- og safnamál er hluti af starfi safnstjóra og annarra faglegra starfsmanna.

Ákveðið var að taka þátt í samstarfi Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnum og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst frekar í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Í júní sat safnstjóri tvo fundi í úthlutunarnefnd Íslensku safnaverðlaunanna. Verðlaunin voru veitt á Bessastöðum 13. júní og komu í hlut Byggðasafns Vestfjarða. Byggðasafn Árnesinga fékk verðlaunin árið 2002.

Á vegum safnsins fóru Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir á árlegan Farskóla íslenskra safnamanna sem haldinn var á Ísafirði að þessu sinni.

Í nóvember flutti safnstjóri erindi um skipulagssögu Eyrarbakka fyrir nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Ýmis verkefni og trúnaðarstörf hafa hlaðist á Lýð Pálsson sem með beinum og óbeinum hætti tengjast safninu en heyra þó ekki undir starfsvið hans sem safnstjóra:

Sem varamann í Húsafriðunarnefnd reyndi töluvert á Lýð á árinu. Sótti hann fjóra fundi hjá nefndinni í forföllum annarra nefndarmanna og fór í mjög áhugaverða vettvangsferð um Austurland í júlíbyrjun.

Lýður Pálsson sat í tveimur afmælisnefndum fyrir Sveitarfélagið Árborg, annarsvegar ritnefnd vegna 10 ára afmælis sveitarfélagsins og hinsvegar í afmælisnefnd Bókasafns Árborgar á Selfossi.


Ýmis verkefni hlóðust að auki á Lýð við skyndilegt fráfall föður hans í apríl.

Safnaklasi Suðurlands — Samstök safna á Suðurlandi

Upphaf Safnaklasa Suðurlands má rekja til tveggja funda sem sunnlenskir safnamenn voru boðaðir á 26. mars og 12. apríl 2007. Fundirnir voru haldnir að undirlagi SASS og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands til að kynna Vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja en aðilar samningsins eru m.a. Iðnaðarráðuneytið og sveitarfélög á Suðurlandi, auk nokkurra öflugra fyrirtækja á Suðurlandi. Tilgangur samningsins er að treysta samkeppnishæfni þeirra svæða sem glímt hafa við neikvæða íbúaupróun og einhæft atvinnulíf. Safnstjóri var valinn til að leiða Safnaklasa Suðurlands sem sótti sumarið 2007 í sjóð Vaxtarsamningsins til að gera bækling um sunnlensk söfn, sýningar og setur og stuðla að almennu samstarfi safna á Suðurlandi. Jákvaett svar barst frá stjórn Vaxtarsamningsins í byrjun júlí og fyrir stuðning samningsins var Gísli Sverrir Árnason ráðinn ráðgjafi Safnaklasa Suðurlands. Safnaklasinn var kynntur á mörgum stöðum á Suðurlandi um haustið. Styrkur fékkst jafnframt frá Menningarsjóði Suðurlands og Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands. Niðurstaðan varð nær 100% þátttaka í bæklingi um sunnlensk söfn sem kom út 3. apríl á stofnfundi Samtaka safna á

Suðurlandi. Þar eru handhægar upplýsingar um 60 söfn, sýningar, setur, bókasöfn og fjölskyldugarða á Suðurlandi. Áður en lokið var við gerð bæklingins var sótt um til Vaxtarsamningsins og Menningarsjóðs Suðurlands um stuðning við að koma Safnahelgi á Suðurlandi á koppinn. Það verkefni fékk jafnframt góða fyrirgreiðslu og Safnahelgin sem haldin var dagana 6.-8. nóvember heppnaðist mjög vel.

Stofnfundur Samtaka á Suðurlandi var haldinn á Skógum 3. apríl. Í stjórn voru valin Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, Þuríður H. Aradóttir forstöðumaður á Hvolsvelli, Kristín Jóhannsdóttir menningarfulltrúi í Vestmannaeyjum og Ólafía Jakobsdóttir forstöðumaður á Kirkjubæjarklaustri. Hlutverk samtakanna að stuðla að samstarfi safna, setra og sýninga um sameiginleg mál eins og kynningu og viðburði.



Kynningarmál

Lokið var við að hanna nýjan bækling um Húsið og söfnin á Suðurströndinni. Hönnuður er Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir grafískur hönnuður og stefnt að prentun hans í byrjun árs 2009. Að öðru leyti var haldið áfram að kynna safnið með yfirskriftinni „Þetta verð ég að sjá“. Auglýsingakostnaður varð jafnframt talsverður.

Helstu tölur úr ársreikningi 2008

Rekstrartekjur

	Þúsund kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	16.450
Safnasjóður, rekstrarframlag	2.500
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	3.650
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	740
Tekjur og framlög fornleifadeildar (m. UHH)	8.900
Heimildarmynd um Húsið, styrkir og framlög	
Viðlagatrygging Íslands	6.000
Styrkir og aukatekjur	500
	38.740

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	13.480
Annar rekstrarkostnaður	7.820
Kostnaður við fornleifaskráningu og UHH	8.705
Heimildarmynd um Húsið, kostnaður	350
Jarðskjálftinn á Suðurlandi, útlagður kostnaður	1.510
	31.865
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	6.875
Vextir og verðbætur	-3.089
Hagnaður	3.786

Eyrarbakka á síðasta vetrardag 2009, Lýður Pálsson.

Árnessýsla Folk Museum - Annual Report 2008 (Abstract)

This annual report deals with the activities of the Árnessýsla Folk Museum and the Maritime Museum at Eyrarbakki in 2008.

The Árnessýsla Folk Museum is owned and run by the Árnessýsla Regional Board, a joint body of local authorities in Árnessýsla which operates a number of museums, etc. The Museum opened in 1964 in Selfoss, and re-opened in 1995 in Húsið at Eyrarbakki. The Eyrarbakki Maritime Museum, which opened in 1987, is owned by the community of Árborg, but has been run by the Árnessýsla Folk Museum since 2001.



The Árnessýsla Folk Museum's exhibition facilities are in Húsið (The House) at Eyrarbakki, one of Iceland's oldest buildings. Built in 1765, it was the home of merchants and employees of the Eyrarbakki merchant company until 1926, and was nationally renowned as a centre of cultural activity. Great emphasis is placed on this history; exhibitions in the House focus on various aspects of local history, and especially the role of Eyrarbakki as a trading centre.

The Maritime Museum is located a short distance east of the House. Its most important exhibit is the fishing-boat *Farsæll*, built at Eyrarbakki in the early 20th century, as the age of fishing from rowing-boats drew to a close. The Maritime Museum exhibition focuses on the history of the rowing-boat fishery and various aspects of local cultural history.

The Museum's other facilities are at Hafnarbrú 3, Eyrarbakki, in a 420m² building constructed for the museums in 2002. This houses the museum offices, conservation facilities and storage.

The activities of the Árnessýsla Folk Museum were vigorous in 2008. Research is carried out at the Museum on the objects in the Museum's collection, and everything related to the origins of such objects. In 2008 the museums registered 35 new acquisitions and 11 photographs.

At year-end 2008, the *Sarpur* database included 5,314 objects at the Árnessýsla Folk Museum and the Eyrarbakki Maritime Museum. The photographic catalogue of *Sarpur* included 5,555 photographs at the museums.

Exhibitions during 2008 included three short-term exhibitions. The dining room of the House serves as an exhibition gallery for short-term exhibitions, while a wall in the vestibule of the Maritime Museum is also used for short-term exhibitions.

The first exhibition of 2008 was a school project on *Milk production*.

The summer exhibition in the Dining Room was *Underskirts or petticoats hand-woven on Icelandic farms between the years of 1880-1920*.

The vestibule of the Maritime Museum housed an exhibition of new artefacts to the museum, mainly old pictures of Eyrarbakki village in the beginning of 20th century.




The Museum also participated in various events and programmes. For the Árborg Spring Festival, *Vor í Árborg*, the Museum opened new exhibitions and

held a musical programme, and an Icelandic wrestling group performed in the garden of the House. The Museum also took part in the Midsummer Day festival at Eyrarbakki, Icelandic Museums Day, on the second Sunday in July, and The South Iceland Heritage weekend, in November. The Museum holds a Christmas exhibition each year, which includes the oldest extant Christmas tree in Iceland, made in 1873.

In 2004 the Árnessýsla Folk Museum undertook cataloging of heritage sites in the region, and this activity has grown from year to year. Heritage sites were cataloged on farms in the community of Árborg; in addition a number of sites were catalogued in connection with prospective development projects. The Museum was also involved, along with other bodies, in archaeological excavation on a deserted farm site at the foot of the Mt. Hekla volcano. At the beginning of the year 2007 the Museum started to participate in a *Leonardo* project.

The museum curator participated in the formation of Safnaklasi Suðurlands, South Iceland Heritage, a grassroot organisation of people working in the heritage/museum sector in South Iceland. Their main projects this year was the booklet *SOUTH ICELAND HERITAGE. Museums, galleries, centres, exhibitions, libraries, archives and more*, published in April. In November, The South Iceland Heritage organized a special weekend in cooperation with local restaurants and artists.

At 15.45 local time on 29th May 2008, an earthquake struck southwestern Iceland. The quake was 6.3 on the Richter scale and had its epicentre near the town of Selfoss. At Eyrarbakki Museum about 100 artefacts were listed damaged - some of them badly, also the exhibition systems and some of the museum buildings. From that day until end of the year about 514 hours had been worked at the museum due to effects of the earthquake.



The museums were open from 15th May to 15th September from 11 am to 6 pm, and at other times by arrangement. In 2008, visitors to the museums numbered 4,850, one quarter of whom were from abroad.

Director of the Museum is historian Lýður Pálsson.

Full-time employee from 1st May is Linda Ásdísardóttir BA.

Archaeologist Margrét Hallmundsdóttir is also employed full-time at the Museum.

A total of nine people are on the payroll, most part-time.

Turnover of the museums in 2008 totalled ISK 39 million.



Meginstefna Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka 2008-2012

Aðalmarkmið:

- Að starfrækja öflugar alhliða menningarstofnanir á Eyrarbakka og annarsstaðar í héraðinu eftir skýrum markmiðum.
- Að varðveita og rannsaka menningarminjar og kynna þær almenningi með sýningum og öðrum hætti.
- Að starfa eftir því hlutverki sem stofnuninni er ætlað samkvæmt því sem stendur í stofnskrám:

Byggðasafn Árnesinga

Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.

Leggja skal áherslu á söfnun og varðveislu muna, sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir Árnessýslu. Þessa muni skal kynna á sýningum safnsins. Byggðasafn Árnesinga skal að öðru leyti starfa samkvæmt ákvæðum safnalaga nr.106/2001 og Þjóðminjalaga nr.107/2001 og reglugerðum og reglum sem grundvallast á þeim lögum. (Úr stofnskrá Byggðasafns Árn. 2001)

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Verksvið safnsins er alhliða söfnum, skráning og varðveisla þjóðlegra verðmæta, sem snerta byggðasögu hreppsins, svo sem sögu sjávarútvegs, siglinga, verslunar og annarra atvinnugreina, félags- og menningarsögu hreppsins í víðasta skilningi. ... í öðru lagi skal safnið vera kennslu- og fræðslustofnun fyrir almenning. Þessum markmiðum skal náð með föstum sýningum, skyndi- eða farandsýningum í safninu eða annars staðar á starfssvæðinu, ... Safnið skal vinna skipulega að skráningu og verndun ýmissa mannvirkja, sem tengjast fornum verslunarháttum og sjósókn á liðinni tíð og hafa um þetta samráð við Þjóðminjasafn Íslands. (Úr stofnskrá Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka 1991)

Leiðir að markmiðum:

Að starfa eftir árlegum starfsáætlunum í samræmi við það fjármagn sem er til ráðstöfunar.
 Að kynna starfsemi safnanna með markvissum hætti fyrir Héraðsnefnd Árnesinga, menningarnefnd Árborgar, Safnaráði, safngestum og hugsanlegum styrktaraðilum eins og einstaklingum, fyrirtækjum og menningarsjóðum.
 Að setja fram skýra söfnunar- og sýningarstefnu sem endurskoða skal reglulega.
 Að starfa eftir siðareglum safnamanna.
 Að standa faglega að varðveislu safnmuna.
 Að safna upplýsingum um safnmunina og skrá með skipulögðum hætti í gagnagrunninn Sarp eða aðra sambærilega gagnagrunna..

Að stunda og styðja við rannsóknir á safnkosti og öllu því sem nefnt er í stofnskrám safnanna um hlutverk þeirra.
Að stunda fornleifarannsóknir á menningarminjum til að stuðla að verndun þeirra og auka þekkingu á sögu svæðisins og kynna þær almenningi.
Að vera í nánnum tengslum við Safnaráð.
Að vera í nánnum tengslum við höfuðsafn minjavörslunar Þjóðminjasafn Íslands og önnur minjasöfn landsins, sem og sérsöfn þar sem starfssvið, skv. stofnskrám, skarast.
Að styðja við önnur sérsöfn, fræðasetur og sýningar í héraðinu með beinum og óbeinum hætti.

Að kynna söfnin með fjölbreyttum hætti.
Að halda úti öflugri heimasíðu og kynningarbæklingi.
Að nýta sér þjónustu upplýsingamiðstöðva.
Að vera í tengslum við ferðaþjónustuna.
Að vera í tengslum við annað menningarstarf í héraðinu og víðar eins og t.d. í starfi Safnaklasa Suðurlands og Samtaka safna á Suðurlandi.
Að efla áhuga almennings á menningu og menningararfi héraðsins.
Að kynna sérkenni héraðsins.
Að gefa þeim sem starfa við söfnin tækifæri á að kynna sér helstu nýjungar og hræringar í safnaheiminum hverju sinni.

Að sýningar safnanna, bæði fastasýningar og sérsýningar, séu ávallt stílhreinar, fjölbreyttar og fræðandi.
Að stuðla að nýbreytni í sýningahaldi safnanna á Eyrarbakka.
Að lokið verði við uppsetningu fastasýninga safnanna, þ.e. austurherbergja og útihúsa Hússins, og Beitningaskúrsins við Eyrargötu sjávarmegin.
Að söfnin standi fyrir sérsýningum af fjölbreyttu tagi 2-5 sinnum á hverju ári.

Að söfnin séu upplýsingaveitur um atvinnu, menningu og mannlíf fyrri tíma og styðji við fræðastörf og þörfum fræðimanna.
Að mismunandi áhugasviði og þörfum gesta sé sinnt eftir því sem unnt er.
Að upplýsingar um söfnin, sýningatextar og leiðsögubæklingar, séu einnig aðgengilegir á erlendum tungumálum.
Að söfnin skuli vera opnar stofnanir, opnar almenningi á auglýstum tímum og hvenær sem óskað er og opin fyrir hverskonar viðburðum sem samræmast hlutverki safnanna í víðum skilningi – eftir því sem hægt er.
Að söfnin taki með markvissum hætti á móti skólahópum og bjóði upp á safnaverkefni til að dýpka skilning nemenda á uppruna nútímans.

Að mótuð verði stefna um frekari uppbyggingu fastasýninga safnanna.
Að gera markvissa framtíðaráætlun um samræmda uppbyggingu safna, fræðasetra og sýninga í Árnessýslu.

Um núverandi starfsemi safnanna á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga

Húsið- sýningar
Assistentahúsið – sýningar
Eggjaskúrin – náttúrusýning
Hafnarbrú 3 – þjónustuhús
Varðveislufélag Baugsstaðarjómabús – aðild og bráðum rekstur

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Túngata 59 – sýningar
Beitningaskúrin – fyrirhugaður til sýningar
Þuríðarbrú á Stokkseyri – umsjón í samráði við sveitarfélagið

Eyrarbakki er þorp með gróna hefð, langa sögu og margvíslegar leifar um glæsta tíð þegar Bakkinn gegndi hlutverki höfuðstaðar Suðurlands eru þar á hverju strái. Það er því ekki nema eðlilegt að þar þróist og dafni öflug safnastarfsemi á borð við Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka sem starfað hafa í sama tónfætinum frá 1995 og undir sameiginlegum rekstri frá 2001. Söfnin eiga þó ólíka sögu að baki.

Fyrstu tillögur að stofnun Byggðasafns fyrir Árnessýslu komu fram á sýslufundi Árnesinga 1942 og aftur 1952 að Sýslunefnd Árnessýslu setti á stofn nefnd til að hafa forgöngu um stofnun byggðasafns Árnessýslu. Árið 1954 var Skúli Helgason frá Svínavatni (1916-2002) fenginn til söfnunar muna og sumrin 1954 og 1955 fór Skúli um sýsluna og meðal brottfluttra Árnesinga í Reykjavík og safnaði munum. Árið 1959 samþykkti sýslunefnd byggingu á húsi fyrir Byggðasafn og Héraðsbókasafn Árnessýslu.

Safnið var opnað 5. júlí 1964 að Tryggvagötu 23, Selfossi, þar sem það var til húsa til 1995. Uppsetning safnsins var í höndum Skúla Helgasonar en honum til aðstoðar voru Kristinn Vigfússon húsasmíðameistari, Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og safnverðirnir Þór Magnússon og Gísli Gestsson.

Árin 1986 og 1987 setti Hildur Hákonardóttir þáverandi safnvörður upp nýjar fastasýningar fyrir safnið en safnið hafði þá verið lokað um skeið vegna viðgerða á húsnæði þess. Vorið 1994 var safninu á Selfossi lokað vegna fyrirhugaðra flutninga þess niður á Eyrarbakka. Árið 1992 var Lýður Pálsson sagnfræðingur ráðinn tímabundið í starf safnvarðar. Hann varð fastráðinn safnstjóri árið 1996. Við aukin verkefni frá 2001 hefur safnið haft tök á að ráða starfsmann til hliðar við safnstjóra við fagleg störf og skráningu. Frá 2008 hefur sú staða verið fest í sessi með ráðningu starfsmanns í 100% stöðu. Haustið 1992 var gert samkomulag um Húsið á Eyrarbakka sem fól í sér að Ríkissjóður keypti Húsið, Þjóðminjasafn tók við umsjón þess fyrir hönd ríkisins og hafði umsjón með viðgerðum á því. Vorið 1993 voru gerðar tillögur að sýningum í Húsinu og var unnið eftir þeim við uppsetningu safnsins. Sýningagerð önnuðust Jon Nordsteien arkitekt, Hildur Hákonardóttir, Ragnhildur Vigfúsdóttir og Lýður Pálsson. Eftir er að leggja lokahönd á uppbyggingu safnsins skv. þeirri áætlun sem þar var lögð fram en ólokið er viðgerðum á útihúsunum norðan Hússins sem einnig munu nýtast til sýningahalds. Byggðasafn Árnesinga opnaði starfsemi sína í Húsinu 3. ágúst 1995. Þann 1. mars 2001 tók Byggðasafn Árnesinga við rekstri Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka skv. þjónustusamningi við Árborg. Skrifstofa safnsins var í Húsinu á Eyrarbakka frá 1995 til 2002 en 19. apríl það ár tók safnið í notkun þjónustuhús að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka sem rúmar allt innra starf safnanna. Fyrir byggingu þessa fékk Byggðasafn Árnesinga Íslensku safnaverðlaunin árið 2002. (LP/Úr söfnunarstefnu B.Árn. 2003) Frá 2004 hafa verið stundaðar fornleifarannsóknir við Byggðasafn Árnesinga og er einn starfsmaður í fullu starfi. Er starfsemin sérstaklega aðgreind frá öðrum rekstri safnsins og nefnist fornleifadeild. Verkefni eru fyrst og fremst fornleifaskráning fyrir sveitarfélög héraðsins og ýmis önnur verkefni sem krefjast starfskrafta fornleifafræðinga. Fornleifadeildin stendur undir sér fjárhagslega með útseldri vinnu og umsvif hennar í takt við verkefnastöðu.

Fyrstu áform um stofnun minjasafns á Eyrarbakka komu fram hjá Eyrbekkingafélaginu Reykjavík árið 1941 og var stofnaður sérstakur sjóður til að hrinda þeim áformum í framkvæmd. Reist skyldi gamaldags sjóbúð með öllu tilheyrandi og áformað var að smíða áraskip eins og þau tíðkuðust um aldamót. Fjárskortur mun hafa staðið í vegi fyrir að af þessu

yrði. Árið 1954 þegar söfnunarstarf til Byggðasafns Árnesinga á Selfossi hófst reis Sigurður Guðjónsson skipstjóri á Litlu-Háeyri upp og skrifaði hreppsnefnd Eyrarbakka bréf þar sem hann hvatti til þess að reynt yrði að sporna við því að allir gripir yrðu fluttir á Selfoss, nær væri að koma upp safni á Eyrarbakka. Þetta bréf var sent sem dreifibréf til allra þorpsbúa. Hreppsnefnd kaus sérstaka byggðasafnsnefnd 1962. Árið 1965 gerði byggðasafnsnefndin að tillögu sinni að Byggðasafn Eyrarbakka hétu framvegis Sjóminjasafn Eyrarbakka. Jafnframt var sótt um lóð fyrir safnbyggingu. Jafnhliða var hafin söfnun muna til safnsins og Sigurður Guðjónsson var í forsvari fyrir þeirri söfnun. Skráning muna var takmörkuð í tíð Sigurðar, en frá 1986 hefur markvisst verið unnið að skráningu stofnsins í safninu. Safnaukar hafa verið skráðir eftir því sem þeir berast frá þeim tíma.

Um nokkurt árabil var Sjóminjasafnið á Eyrarbakka í umsjá Sigurðar Guðjónssonar, fv. skipstjóra, og sveitarfélagið hafði ekki formleg afskipti af starfsemi þess. Sérstakt samkomulag var gert á milli Sigurðar og Eyrarbakkahrepps þann 13. júní 1984 þar sem safnið var formlega afhent sveitarfélaginu. Safnið er sjálfstæð stofnun í eigu og umsjá Eyrarbakkahrepps, nú sveitarfélagsins Árborgar, og starfar samkvæmt stofnskrá sem sett var 8. október 1983 og endurskoðuð í september 1991. Safnið var opnað til sýningar 1989 og fastasýning þess endurnýjuð 1996. Steinþór Sigurðsson sá um hönnun sýningarinnar. Inga Inga Lára Baldvinsdóttir var umsjónarmaður safnsins frá 1988 til 1998 en Þorvaldur H. Gunnarsson var forstöðumaður frá 1999 til 2001. Frá 2001 hefur Byggðasafn Árnesinga séð um daglegan rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka í samræmi við þjónustusamning. Safnið er í sérstöku húsi, sem byggt var yfir það í áföngum frá 1969-1989. Safnbyggingin skiptist í tvo sýningarsali auk forstofu og salernis. Stækkunarmöguleikar eru til staðar á lóð safnsins. Það hefur jafnframt yfir að ráða sérstöku aðstöðuhúsi, Mundakotsskemmu, og hefur verið unnið að endurbótum á henni á síðustu árum. Auk þess hefur safnið haft forgöngu um endurbyggingu á beitningaskúr, sem stendur sjávarmegin við aðalgötu þorpsins. (ILB/ að mestu byggt á söfnunarstefnu S.Eyr. 1993)

Söfnin á Eyrarbakka í dag:

Eins og fram kemur þá eru söfnin rekin af Byggðasafni Árnesinga, stjórn safnsins, skipuð af Héraðsnefnd Árnesinga, ber árbyrgð á rekstri þess og ræður safnstjóra í umboði hennar. Við safnið starfar safnstjóri í fullri stöðu og hefur hann haft starfsmann sér til aðstoðar í 20-100% stöðu eftir því sem verkefni og fjárhagur hafa leyft. Jafnframt er ræstitæknir sem er í u.þ.b. 30% stöðu að jafnaði. Til gæslu á söfnunum ræður safnstjóri starfsfólk eftir þörfum auk þess sem hann situr vaktir eftir því sem þörf er á.

Segja má að fjölbreytni einkenni sýningahald safnanna á Eyrarbakka. Hér gefur að líta muni sem tengjast þeim best settu, til þeirra allra lægstu í þjóðfélaginu og sýningahaldið spannar yfir gripi af öllu tagi - frá hóbýlum heldra fólks, um skart, klæði, húsgögn, verslunarmuni, iðnaðarmuni, sjóminjar, muni úr landbúnaði og kirkjuminjar, - til gripa sem bera vott um fátækt og efnaleysi. Hluti safnkostsins er safn náttúrugripa sem eru einkum á sýningu í Eggjaskúrnum.. Við Byggðasafnið eru 12 sýningardeildir og fyrirhugað að bæta við þremur í útihúsum og austurherbergjunum. Við Sjóminjasafnið má segja að sýningahaldi sé skipt í 8 hluta. Jafnframt er fyrirhugað að opna beitningaskúr við Eyrargötu. Núverandi sýningarrými Byggðasafns Árnesinga er um 240 fm að gólfleti, en Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er til húsa í um 150 fm sýningarsal.

Töluvert berst af gripum á söfnin á hverju ári. Ekki eru farnar eiginlegar söfnunarferðir um þessar mundir eins og gert var á upphafsárum safnanna. Söfnun á sér þó stað þegar settar eru upp sýningar, sérsýningar og fastasýningar og er þá gjarnan leitað upplýsinga meðal sérfróðra. En að öðru leyti þá er yfirleitt um frumkvæði gefanda að ræða og kemur reyndar nokkrum sinnum fyrir að gripum er hafnað, einkum ef samskonar eins gripur finnst varðveittur á söfnunum.

Safnkostur safnanna er þessi: Byggðasafn Árnesinga varðveitir um 4.200 gripir og um 500 ljósmyndir en sú vinnuregla gildir að jafnaði að vísa á Héraðsskjalasafn Árnesinga um móttöku og varðveislu ljósmynda, að því undanskildu að Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur við ljósmyndum frá Eyrarbakka og ljósmyndum tengdum sjávarútvegi.. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka varðveitir um 1.500 gripir og um 4.500 ljósmyndir. Góð aðstaða er til móttöku og varðveislu safnmuna í hinu nýreista þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga og þar er jafnframt hægt að undirbúa sýningar. Mundakotsgeymsla tilheyrir Sjóminjasafninu á Eyrarbakka sem nýtist sem aðstöðuhús fyrir safnið.

Gjörbylting varð á stöðu safnanna eftir að Ríkissjóður keypti Húsið á Eyrarbakka og Byggðasafn Árnesinga flutti sína starfsemi þangað að viðgerðum loknum árið 1995. Það kemur vel fram í aðsókn beggja safnanna sem stórjókst, - í raun þrefaldaðist ef ekki fjórfaldaðist miðað við fyrri aðsóknartölur. Aðsóknin hefur verið á bilinu 5-7 þúsund gestir á hverju ári. Söfnin hafa með þessu komist betur á kort ferðamanna. Aukin fjöldi safna, fræðasetra og sýningasetra við ströndina milli Þjórásar og Ölfusár hefur haft margvísleg jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna og má segja að söfnin á Eyrarbakka sé einn forsenda fyrir að ferðaþjónusta þróist hér og dafni. Jafnframt hefur Byggðasafn Árnesinga lítillaga veitt aðstoð við að koma upp fræðasetrum og sýningum í uppsveitum. Söfnin njóta velvildar meðal ráðamanna í héraði og sömuleiðis hefur samstarf verið gott við önnur söfn og Safnaráð. Framlög til safna hafa aukist á undanförunum árum í takt við aukna velmegun og hafa söfnin hér einnig notið góðs af því, auk þess sem auknum kostnaði með tilkomu Þjónustuhúss Byggðasafns Árnesinga hefur verið mætt með auknum framlögum Héraðsnefndar.

Vaxandi þáttur í starfi safnanna á Eyrarbakka er rannsóknabátturinn en um þessar mundir starfa þrír háskólamenntaðir starfsmenn við safnið í fullu starfi: Safnstjórinn sem er sagnfræðingur, safnvörður sem er íslenskufraeðingur og verkefnastjóri fornleifadeildar sem er fornleifafraeðingur. Söfnin hafa góðan aðgang að öðrum fræðimönnum til sérverkefna.

Ef eitthvað mætti nefna sem betur mætti fara í starfsemi safnanna skal hér nefnt tvennt. Í fyrsta lagi þá fundar Héraðsnefnd Árnesinga einungis einu sinni á ári og tekur þar ákvarðanir til langs tíma í senn og afgreiðir fundargerðir, starfsskýrslur og ársreikninga, rekstrar- og starfsáætlanir á ársgrundvelli. Slíkt getur þýtt hálfárs tafir á áætlunum og fyrir hefur komið að afgreiðsla nefndarinnar hefur verið synjun á mikilvægu erindi án þess að bent væri á nýjar leiðir eða vísað til frekari úrlausnar í Héraðsráði sem fundar oft. Sem dæmi um slíkt má nefna hægaganginn við úrlausn geymslumála Byggðasafns Árnesinga. Annað dæmi um atriði sem mætti nefna er skortur á stuðningi við kynningar- og markaðsmál safnanna af hendi sveitarfélagsins Árborgar og annarra sveitarfélaga. Um söfnin á Eyrarbakka finnst hvergi stafur í fundargerðum atvinnuþróunarnefndar Árborgar. Hinsvegar hafa söfnin notið góðs af starfsemi Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands í Hveragerði sem hefur dreift kynningarbæklingi og kynnt söfnin á margvíslegan hátt undanfarin ár.

Áætlanir til framtíðar

Eftir því sem tíminn líður fjarlægist hið gamla samfélag sem kennt hefur verið við bændur og dreifbýli. Við lifum á tímum borgarmenningar og alþjóðavæðingar heimsins þar sem með lítilli fyrirhöfn er hægt að komast í sambandi við fólk hinumegin á hnettinum í gegnum tölvuskjái. Sömuleiðis er auðveldara að ferðast en áður. Það er harla ólíkt þeirri aðstöðu sem fólk í samstarfshugleiðingum hafði fyrir 100 árum síðan þegar aldahvörf urðu á milli gamla tímans og hins nýja. En verður það ekki hlutverk safna að benda á rætur mannsins? Ekkert bendir til annars.

Til að þjóna sýningarhlutverki sínu sem best er nauðsynlegt að róa á ný og fleiri mið þegar uppbyggingu sýningahalds við Húsið lýkur. Við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er stór byggingareitur sem býður upp á byggingu að grunnfleti 150-200 fm. Í kjarna Eyrarbakka er einnig Beitingaskúr í eigu Sjóminjasafnsins sem býður upp á gott tækifæri til að gera vélbátaútgerð við Suðurströndina skil. Húsið á Eyrarbakka eru húsakynni kaupmanna, á móti því ætti að stefna að uppbyggingu sýningar í litlu alþýðuhúsi á Eyrarbakka. Utan Eyrarbakka liggja fyrir hugmyndir að þátttöku í uppbyggingu sýningahalds í Þorlákshöfn, á Flúðum og etv. víðar. Jafnframt er stefnt að frekari þátttöku safnsins í rekstri Rjómbúsins á Baugstöðum.

Hvenær skuli stefnt að því að stíga næsta skref í uppbyggingu sýningahalds er erfitt að segja á þessari stundu og ýmsar hugmyndir eiga eflaust eftir að koma fram og etv. einhverjar þeirra framkvæmdar. Í þessu sambandi skal minnt á að árið 2014 verður Byggðasafn Árnesinga fimmtíu ára og ári síðar verða 250 ár frá byggingu Hússins á Eyrarbakka.